

**96. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. janúar 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjördís Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1811222 - Samstarf við FVA- húsnæðismál

Kynning á stöðu mála varðandi samstarf um nýtingu á húsnæði FVA.

Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda í Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda í Grundaskóla, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í Brekkubæjarskóla og Erla Ösp Lárusdóttir fulltrúi foreldra í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir upplýsingarnar og óskar eftir að fá kynningu á framvindu málsins eftir rýnifundi með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

2. 1901191 - Innritun í leikskóla 2019

Framhaldsumræða um innritun í leikskóla 2019.

Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Heiða Björg Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.

3. 1901275 - Ljósabekkur - athugasemdir við rekstur

Erindi varðandi rekstur ljósabekkjara í íþróttamannvirkjunum á Jaðarsbökkum.

Skóla- og frístundaráð vísar málinu til frekari úrvinnslu sviðsstjóra og bæjarstjóra. Málið tekið fyrir aftur þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

4. 1812034 - Styrkir vegna menningar- og íþróttamála 2019

Framhaldsumræða um tillögur að úthlutun styrkja til menningar- og íþróttamála.

Tillaga samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Bára Daðadóttir
Sandra M. Sigurjónsdóttir
Ragnar Sæmundsson